

4. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 84, 6. júlí 1932 [bifreiðaskattur o. fl.].

(Lagt fyrir alþingi 1933).

1. gr.

Orðin „í fyrsta skipti 1932“ í 4. gr. laga nr. 84, 1932, falli burtu.

Í stað orðanna „en ella frá 1. júlí 1931“ í sömu grein komi: en ella frá síðastliðnum 1. júlí“.

2. gr.

Í stað „ræktunarvegarins“, í 8. gr. b.-lið, komi: „ræktunarveganna“.

3. gr.

10. gr. falli burt.

4. gr.

Orðin „og gilda til ársloka 1933“, í 11. gr., sem verður 10. gr., falli burt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tillögum vegamálastjóra og fara hér á eftir ummæli hans um málið:

Lög nr. 84, 6. júlí 1932 um bifreiðaskatt gilda að eins til ársloka 1933. Var ákvæði þetta sett í lögina til þess að tryggja það, að þau yrðu endurskoðuð á alþingi 1933, og var því sérstaklega haldið fram af þeim þingmönnum, sem litu svo á, að meira af skattinum, en gert var í frv., bæri að verja til malbikunar hinna fjölförnustu vega, og jafnframt bæri að ætla kaupstöðum og jafnvel kaupúnum einhvern vissan hlutfallshluta af skattinum. Því verður og vitanlega ekki neitað, að bifreiðanotkunin er tiltölulega mest þar, og hefir það verið viðurkennt í hliðstæðri löggjöf annara þjóða; þannig fellur t. d. í Danmörku, Noregi og Svíþjóð nokkuð brot af skattinum til kaupstaðanna. En skatturinn er orðinn þar hlutfallslega talsvert hærri en hér og aðstaða að ýmsu leyti önnur. Mér þykir því ekki næg ástæða til þess að mæla með breytingu hér í þessa átt. Vil ég í því sambandi sérstaklega færa fram, að þeir vegir, sem til mála kemur að malbika, eru kaflar næst kaupstöðunum og í sjálfri landareign þeirra og má þar sérstaklega nefna kaflann frá Reykjavík inn að Elliðaám og Hafnarfjarðarveginn.

Tollstjórinn í Reykjavík hefir að gefnu tilefni skýrt mér frá, að við innheimtu skattsins hafi engir þeir ágallar komið fram, að gera þurfi neina breytingu á lögnum.

Samkvæmt upplýsingum, er ég hefi aflað mér, má áætla að skatturinn samkvæmt lögum þessum nemi þessum upphæðum og skiptist þannig:

Benzín:	1932	1933
1932 3 millj. lítra @ 0,04	kr. 120000.00	
1933 4 millj. lítra @ 0,04		kr. 160000.00
Hjólabarðar o. fl. 1 kr. @ kg.	— 15000.00	— 60000.00
Bifreiðaskattur	— 125000.00	— 80000.00
Samtals	kr. 260000.00	kr. 300000.00
Skipting skattsins áætlast þannig:		
1. Til viðhalds þjóðvegum	65% kr. 169000.00	kr. 195000.00
2. Til sýsluvega	15% — 39000.00	— 45000.00
3. Til malbikunar	20% — 52000.00	— 60000.00
Samtals	kr. 260000.00	kr. 300000.00

Um áætlun þessa vil ég taka fram:

Benzínskattur hefir verið greiddur síðan 1. júlí 1932, er lögin gengu í gildi, af nálægt 3 millj. litrum, og tel ég þá varlegt að áætla 1933 aðeins 4 millj. lítra, því frekar sem benzininnflutningur nam um 6 millj. lítr. 1930 og nálægt 7 millj. litrum 1931. Skattur af hjólabörðum er óeðlilega lágur þetta hálf ári, sem lögin hafa verið í gildi, enda hafði mikið verið flutt inn rétt áður, til þess að komast hjá þessu sérstaklega innflutningsgjaldi. Innflutningur nam 1927 um 45000 kg., 1928 um 56000 kg., 1929 um 74000 kg., 1930 um 77000 kg. og 1931 um 84000 kg. Tel ég því einnig varlegt að áætla innflutning 1933 aðeins 60 þús. kg. Bifreiðaskatturinn er svona hár 1932 af því að hann var heimtur inn samkvæmt lögum frá 1921, en í áætlun 1933 er miðað við svipaða tölu fólksbifreiða (619) og tvi-hjólabifreiða (112) og var, samkvæmt síðustu skattskrá (1. júlí 1932).